

Mánudaginn 19. janúarmán.

Nr. 47/1884

Rjettvísinn

gegn

Jóni Jónssyni.

## Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hálfu rjettvísinnar gegn Jóni Jónssyni og Guðrúnu Eiríksdóttur, báðum þá á Ormsstöðum í Suður-Múlasýslu, fyrir hneykslanlega sambúð, en þegar hjeraðsstefnan fjell í rjett, mætti að eins hinn ákærði Jón Jónsson, en ekki Guðrún Eiríksdóttir, og var málsóknin gegn henni þar með látin falla niður. Með dómi, kveðnum upp í málinu fyrir aukarjetti Suður-Múlasýslu 10. maí f. á., var hinn ákærði Jón Jónson dæmdur til að sæta 10 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að borga allan löglegan kostnað af málinu, en þeim dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er sannað undir rekstri málsins, að hinum ákærðu hjúum hafi með úrskurði norður- og austur-amsins, dagsettum 5. október 1880 og birtum þeim sjálfum á heimilum þeirra 7. janúar 1881, verið bannað sökum hneykslanlegs lifnaðar að búa saman, eða dvelja í sömu sveit nje nær hvort öðru en í 3 mílna fjarlægð, en að hinn ákærði, þrátt fyrir þetta bann, hafi dvalið á sama bæ og Guðrún Eiríksdóttir mestan hluta af vetrinum 1882—83, og aptur nokkrar vikur sumarið 1883, og enn fremur mestan hluta af vetrinum 1883—84, og loks að Guðrún Eiríksdóttir hafi 1. febr. f. á. alið barn, sem hún lýsti hinn ákærða föður að, og sem hann kannaðist við faðerni að. Með því að hinn ákærði, sem er fæddur 31. júlí

1842 og ekki hefur áður sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, þannig er sannur að sökum að hafa óhlýðnast áður nefndum amtsúrskurði með því að dvelja opt og lengi á sama heimili og Guðrún Eiríksdóttir og geta barn með henni, getur hann ekki komizt hjá hegningu eptir 179. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefur verðskuldað, að yfirveguðum öllum málavöxtum, hæfilega metin af undirdómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ber því að þessu leyti að staðfesta undirrettardóminn og að því er snertir málskostnað í hjeraði. Hinn ákærði lúki öllum kostnaði af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramann fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vitalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrettardómurinn skal óraskaður standa. Svo ber hinum ákærða, Jóni Jónssyni, að borga allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.